

aður af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli, og að hann verði skyldaður til að greiða honum málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi eptir mati rjettarins. Hefur hann viljað rjettlæta þessa aðferð sína með því, að áfrýjandinn hafi nefnt þá stefnu, er hann tók út í málinu, gagnáfrýjunarstefnu.

En eins og það er rjettmæli, að áfrýjandinn hefur nefnt stefnuna gagnáfrýjunarstefnu, af því stefndi var búinn að taka út og láta birta aðaláfrýjunarstefnu, þegar hin var tekin út, eins gat hinn stefndi ekki, svo þýðingu hefði, lagt fram stefnu þá, sem hann hafði tekið út, fyr en hún að rjettu lagi átti að koma fyrir, nema mótparturinn samþykkti það, en það hefur hann ekki gjört, heldur miklu fremur mótmælt því.

Með því hinn stefndi þannig ekki hefur gagnáfrýjað málinu. er ekki unnt að breyta hinum áfrýjaða dómi honum í hag, heldur ber, samkvæmt kröfu áfrýjandans, að öllu leyti að staðfesta undirrjettardóminn.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 26. júlímán.

Nr. 26/1880.

Rjettvísinn

gegn

Jóni Erlindssyni.

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Reykja-

víkur kaupstaðar 15. marzmán. þ. á., er Jón Erlindsson á Grímsstöðum dæmdur fyrir skemmdir á annars manns eignum samkvæmt 298. gr. hegningarlaganna í 40 kr. sekt til landssjóðs eða 12 daga einfalt fangelsi, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal 6 kr. í málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeradi; en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða er það löglega sannað, að hann 25. júlí f. á. hafi verið í verki með mörgum öðrum mönnum að rífa laxakistur H. Th. A. Thomsens úr Elliðaánum, og hefur blutadeigandi amtmaður skipað að höfða skuli opinbera málssókn gegn honum fyrir þetta tiltæki sem brot gegn 298. gr. í hegningarlögunum. Með því að yfirdómurinn verður að vera á sama máli og hjeradsdómurinn um það, að hinn ákærði með þessu atferli sínu hafi brotið gegn nefndri hegningarlagagrein, og hegning sú, sem hann verðskuldar fyrir þetta lagabrot, virðist hæfilega ákveðin í hjeradsdóminum, ber að staðfesta hann, og ber hinum ákærða þá einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Meðferð málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmaet.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeradsdómurinn í máli þessu á óraskaður að standa. Hinn ákærði, Jón Erlindsson, greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 24/1880

Hið opinbera
gegn
Jóni Eyvindarsyni.

D ó m u r:

Með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur kaupstaðar 9. dag aprílmán. þ. á., er hinn kærði Jón Eyvindarson dæmdur fyrir flakk, óleyfilega lausamennsku og fyrir að hafa brotið gegn banni hlutaðeigandi lögreglustjóra til að greiða 30 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar og til að lúka 1 hundræði á landsvísu eptir þá gildandi verðlagsskrá, helming til nefnds fátækra sjóðs, en helminginn til fátækra fulltrúanna í nefndum kaupstað, eins og líka öllum af málinu löglega leiðandi kostnaði. — Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Undirrjettardómsgjörðirnar bera með sér, að hinn kærði, Jón Eyvindarson, er frá Spanish Fork í Utah Territory í Vesturheimi, og að hann hafi komið hingað snemma á vetri 1879. Hinn kærði hefur játað, að hann hafi komið í þeim tilgangi að prjedika „evangelíð“, og sje hann þeirrar trúar eða Mormónstrúar, eins og líka, að hann hafi kennt hjer þessa trú og skírt nokkra. Það er enn fremur sannað, að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur bannað honum að prjedika opinberlega.

Að því nú fyrst snertir það atriði, hvort hinn kærði hafi orðið sekur um flakk, þá er það upplýst í málinu, að hann í vetur, er leið, fór um Kjósar- Borg-